

# Morgunblaðið

## mbl.is/gagnasafn

Föstudaginn 12. september, 2008 - Aðsent efni

## Skipulag á Kársnesi

Freysteinn Sigurðsson, Ingibjörg Sveinsdóttir og Ragnhildur Freysteinsdóttir skrifa um skipulag á Kársnesi



Ragnhildur Freysteinsdóttir

[ Smelltu til að sjá stærri mynd ]



Freysteinn Sigurðsson, Ingibjörg Sveinsdóttir og Ragnhildur Freysteinsdóttir skrifa um skipulag á Kársnesi: "Bent er á leiðir til að draga úr áhrifum aukinnar umferðar vegna fyrirhugaðrar byggðar á Kársnesi og landfyllingu við það."

DEILUR eru risnar um skipulag á Kársnesi. Vandamálið sem glímt er við er að bæjaryfirvöld Kópavogs ætla að skapa umferðaraukandi byggð yst á Kársnesi og á landfyllingu, sem núverandi gatnakerfi á nesinu getur ekki borið með hliðsjón af þrengslum og mengun, einkum hávaðamengun. Skipulags- og umhverfissvið Kópavogs hefur lagt fram tillögur hvernig við því eigi að bregðast, sem er um ýmsa hluti ábótavant (t.d. mál á framlögðum gögnum) og í sjálfu sér óásættanlegar, þ.e. húsagata á Kársnesbraut og aukning umferðar um Kársnesbraut upp í 14.000 bíla á sólarhring.

Við þessum vanda er ekki nema eitt af tvennu að gera; auka umferðargetu gatnakerfis bæjarsins, sem í rauninni kallar á nýjar vegalagnir, en ekki er sjáanlegt að rými sé fyrir þær, eða að draga eins og hægt er úr umferðarpunga frá fyrirhuguðu byggingasvæði á Kársnesi. Til þess að draga úr umferðarpunga frá því sem miðað er við í tillögum bæjaryfirvalda koma meðal annars eftirfarandi leiðir til greina:

- 1) Hús verði ekki nema 1–2 hæðir, í stað allt að 5 hæða húsa eins og talað er um. Þetta fyrirkomulag gæti dregið úr fyrirhuguðum íbúafjölda um 1/4–1/3, auk þess sem þessi hæð á húsum væri í betra samræmi við núverandi byggð á Kársnesi.
- 2) Með lystibátahöfn með smáverslunum, kaffihúsum, stúdíóum fyrir listamenn o.s.frv., eins og tíðkast víða erlendis, er eðlilegt að gera ráð fyrir sameiginlegum útivistarsvæðum (græn svæði), sem takmarkað er af á Kársnesi eins og er og mun skerðast enn frekar með uppbyggingu á Kópavogstúni. Gæti þetta numið ¼ alls svæðisins og myndi íbúafjöldi minnka að sama skapi.
- 3) Bent hefur verið á möguleika þess að reisa húsasamstæður fyrir eldri borgara á þessu svæði, sem þá væri hægt að hanna í heilu lagi með þjónustumiðstöðvum og öðru sem til þarf. Þar sem eldri borgarar eru minna á ferðinni en yngra fólk, myndi þetta hjálpa til við að draga úr umferð.
- 4) Steypustöðina og aðra starfsemi sem kallar á þungaflutninga þarf að leggja niður sem fyrst, enda valda þeir margfaldri mengun og vegaskemmdum á við umferð fólksbíla.
- 5) Frekari landfyllingu við Kársnes þarf að stöðva nú þegar, enda umdeilanlegt að vera að byggja á lágrestum landfyllingum, í ljósi mögulegrar hækkunar yfirborðs sjávar og flóðahættu við núverandi aðstæður.
- 6) Þrátt fyrir þessar aðgerðir myndi hávaði og önnur mengun frá umferð aukast og þarf því að gera ráð fyrir hljóðvarnarmannvirkjum við Kársnesbraut eða hluta hennar, þar sem hávaðamengun telst nú þegar vera of mikil við hluta götunnar.

Með þessu leiðum og öðrum svipuðum aðgerðum ætti að vera hægt að nýta land og núverandi landfyllingu yst á Kársnesi án þess að íþyngja íbúum Kársness með of mikilli aukningu umferðar.

Freysteinn er jarðfræðingur, Ingibjörg lyfjafræðingur og Ragnhildur umhverfisfræðingur. Þau eru íbúar á Kársnesbraut.

Slóð: [http://www.mbl.is/mm/gagnasafn/grein.html?grein\\_id=1242313](http://www.mbl.is/mm/gagnasafn/grein.html?grein_id=1242313)

Skoðað: 2008-09-14 21:38

© mbl.is/Árvakur hf